

Alþingi
Erindi nr. P 135/1717
komudagur 10.3.2008

Reykjavík 6. mars 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10.
150 REYKJAVÍK

Umsögn til utanríkismálanefndar um 331. mál.

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar dags. 6. febrúar 2008 þar sem óskað var umsagnar Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til varnarmálalaga. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið felur það í sér að verið sé að setja skýran lagaramma um verkefni íslenskra stjórnvalda á sviði öryggis- og varnarmála og aðskilnað þeirra frá öðrum verkefnum stjórnvalda sem eru borgaraleg í eðli sínu.

Lögreglustjórafélag Íslands gerir athugasemd við þriðju grein frumvarpsins, þar sem meðal annars kemur fram að utanríkisráðherra beri ábyrgð á gerð hættumats á sviði varnarmála.

Á sviði löggæslu og almannavarna er unnið hættumat vegna ýmissa mögulegra atburða og má nefna í þessu sambandi að undanfarna mánuði hefur verið unnið að áhættuskoðun í öllum lögregluumdæmum landsins og er hún unnin af lögreglustjórum og sérfræðingum í umdæmunum, í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Þar er meðal annars metin hætta vegna tæknilegra bila, stórslysa og náttúruhamfara.

Ekki verður betur séð en ákvæði greinarinnar geti skarast á við lögbundin hlutverk borgaralegra innlendra stofnana og er því lagt til að ábyrgð utanríkisráðherra á gerð hættumats á sviði varnarmála takmarkist við hernaðarlega ógn.

F.h. Lögreglustjórafélags Íslands

Sigríður Björk Guðjónsdóttir